

Forsvaraðilar

Forsvaraðilar verkefnisins eru Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Framkvæmd verkefnisins er unnin í samstarfi við Búnaðarsamtök Vesturlands og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
VESTFJARÐA



Pátttakendum mun á verkefnistímanum standa til boða leiðsögn hjá starfsmönnum Impru og stuðningsaðilum í heimabyggð.

Skráning og frekari upplýsingar

Verkefnið Vaxtarsprotar er í umsjón Elínar Aradóttur, verkefnisstjóra hjá Impru.

Hægt er að skrá sig og nálgast frekari upplýsingar í síma 460 7970 eða 893 0103. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir með tölvupósti (elina@nmi.is). Upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu Impru (www.impra.is).

Tekið verður við skráningum á kynningarfundum (sjá nánar á bakhlið bæklingisins).

Skráningarfrestur er til 22. september.

Ert þú með góða hugmynd ... og langar að hrinda henni í framkvæmd?

Haldnir verða kynningarfundir um Vaxtarsprotu. Þar munu áhugaverðir fyrirlesarar fjalla um atvinnusköpun og segja frá reynslu sinni.

Miðv. 10. september, kl. 15:00.
Reykhlaskóla.

Miðv. 10. september, kl. 20:30.
Dalabúð.

Dagskrá:

- 1) Elín Aradóttir kynnir Vaxtarsprotu.
- 2) Vilhjálmur Vernharðsson og Elísabet S. Kristjánsdóttir segja frá reynslu sinni.
- 3) Kjartan Ragnarsson flytur erindi undir titlinum *Að finna sína fjólubláu kú.*
Kaffiveitingar

Fundirnir eru opnir öllum áhugasömum um atvinnumál.

Vilhjálmur og Elísabet

Sauðfjárnabændur í Möðrudal á Fjöllum. Þau reka einnig ferðaþjónustu og kjötvinnslu.



Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri og forstöðumaður Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi.



Elín Aradóttir

Verkefnisstjóri Vaxtarsprotu hjá Impru og stjórnarmaður hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.



Vaxtarsprotar í Dalabyggð og Reykhlahreppi

Hautmisseri 2008

Kynningarfundir

Reykhlaskóla, 10. sept. kl. 15:00

Dalabúð, 10. sept. kl. 20:30



Framleiðnisjóður
landbúnaðarins



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Impra frumkvöðlar og sprotar

Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími 460 7974 - www.nmi.is

Vaxtarsprotar — fyrir hverja?

Vaxtarsprotar er stuðningsverkefni sem ætlað er að hvetja fólk til að skapa sér atvinnu í heimabyggð. Vaxtarsprotaverkefnið kemur til framkvæmdar í Dalabyggð og Reykhólahreppi á haustmisseri 2008.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit, óháð eðli viðskiptahugmynda, atvinnugreinum, eða reynslu þátttakenda á sviði atvinnurekstrar. Íbúar í þéttbýli geta einnig tekið þátt, en ábúendur á lög-
býlum hafa forgang.

Þátttakendur vinna með eigin viðskiptahugmyndir. Fulltrúum starfandi fyrirtækja er einnig velkomið að taka þátt með það að markmiði að vinna að frekari framþróun eða mótun nýjunga í rekstri sínum.

Markmið

Vaxtarsprotar hafa það að meginmarkmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Stefnt er að því að þátttakendur:

- þrói hugmyndir sínar um eigin atvinnurekstur yfir á framkvæmdastig,
- kynnist grundvallaratriðum er varða stofnun fyrirtækis og öðlist hagnýta þekkingu á þáttum er lúta að rekstri, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun,
- setji upp eigin viðskiptaáætlun,
- öðlist tengsl við aðila í stoðkerfi atvinnulífs og einnig við aðra þátttakendur sem hyggja á fyrirtækjarekstur eða reka nú þegar eigin fyrirtæki.

Verkefnisferli, þátttaka og kostnaður

Verkefnið byggir á eftirfarandi ferli:

1. *Kynning á verkefninu.*
2. *Fræðsla og leiðsögn við hugmyndavinnu og undirbúning viðskiptahugmynda (bæði í námskeiðaformi og gegnum einstaklingsmiðaða leiðsögn).*
3. *Kynning á möguleikum á fjárstyrkjum frá Impru og Framleiðnisjóði og leiðsögn við gerð umsókna.*
4. *Eftirfylgni og áframhaldandi leiðsögn.*

Þátttaka í verkefninu krefst nokkurrar heimavinnu. **Þátttaka er án endurgjalds.**

Dagskrá

Stefnt er að því að stofna tvo námskeiðshópa. Öðrum hópnum verður kennt á Reykhólum en hinum í Búðardal. Taflan sýnir dagskrá námskeiðahalds.

	Reykhólar	Búðardalur
Námskeið 1	30.9.2008	30.9.2008
Námskeið 2	7.10.2008	7.10.2008
Námskeið 3	14.10.2008	14.10.2008
Námskeið 4	21.10.2008	21.10.2008
Námskeið 5	28.10.2008	28.10.2008
Námskeið 6	4.11.2008	4.11.2008
Námskeið 7	11.11.2008	11.11.2008
Námskeið 8	18.11.2008	18.11.2008
Námskeið 9	25.11.2008	25.11.2008
Námskeið 10	9.12.2008	9.12.2008

Með fyrirvara um breytingar

Kennt verður kl. 11:00 - 15:00 á Reykhólum og kl. 16:30-20:30 í Búðardal.

Kennarar á námskeiðunum eru G. Ágúst Pétursson viðskiptaráðgjafi og leiðbeinandi í frumkvöðlafræðum og Sigurður Steingrímsson verkefnisstjóri hjá Impru.

Viðfangsefni námskeiða

Meginviðfangsefni hvers námskeiðs verða sem hér segir. Einnig verður lögð nokkur áhersla á umræður um viðfangsefni þátttakenda.

1. *Kynning á námskeiðsferlinu og námskeiðsgögnum, hugmyndavinnu, stefnumótun og markmiðasetning.*
2. *Gerð viðskiptaáætlana, vöru- og þjónustupróun.*
3. *Verkefnastjórnun og áætlanagerð.*
4. *Opin vinnusmiðja*, þátttakendur vinna í eigin verkefnum.*
5. *Markaðsmál, markaðsgreining og markaðsupplýsingar.*
6. *Rekstrarform fyrirtækja og ýmis hagnýt atriði um fjármál.*
7. *Gerð markaðsáætlana.*
8. *Opin vinnusmiðja*, þátttakendur vinna í eigin verkefnum með áherslu á fjárhagsáætlanagerð.*
9. *Kynningartækni og upprifjun.*
10. *Kynning þátttakenda á viðfangsefnum sínum. Útskrift af námskeiði (sameiginleg fyrir báða námskeiðshópana).*

Lengd námskeiðs, samtals 32 klst.

* Vinnusmiðjur teljast ekki til námskeiðskennslustunda.